

Sp.

## 1012. Skýrsla

[330. mál]

sjávarútvegsráðherra um aldur, stærð, uppbyggingu og endurnýjun fiskiskipastólsins.

Beiðni um skýrslu þessa kemur fram á þingskjali nr. 608 og er hún frá Skúla Alexanderssyni o.fl., dagsett 10. mars s.l. Varðandi svör við þeim atriðum sem fram koma í lið I. og II. í beiðninni leitaði ráðuneytið til tæknideildar Fiskifélags Íslands. Greinargerð Fiskifélagsins um þessi atriði barst ráðuneytinu hinn 18. apríl s.l. Fylgir hún hér á eftir sem fylgiskjal 1. Í henni koma fram svör við öllum undirliðum liða I. og II. nema því hvaða flutningur á aflamarki milli útgerðarstaða hafi leitt af úreldingu skipa og flutningi þeirra milli staða. Slík samantekt er ýmsum annmörkum háð. Má þar nefna að kvóti einstakra skipa hefur breyst á því tímabili sem um er að ræða. Einnig má nefna að skip hafa oft farið í aðrar veiðar við flutning á milli staða. Til að gefa sem bestu mynd af tilflutningi aflamarks milli útgerðarstaða, er miðað við úthlutun 1986. Í samantektinni á fylgiskjali 2 kemur einungis fram flutningur á þorskaflamarki. Er það að öllum líkindum betri mælikvarði en þorskígildi m.a. vegna þess að kvótabundnum botnfisktegundum hefur fækkað frá upphaflegri úthlutun. Jafnframt er ekkert aflahámark á öðrum botnfiski en þorski í sóknarmarki, sem gerir það erfitt að áætla afla sóknarmarksskipa. Við samanburð er gengið út frá því að öll skip hafi valið aflamark. Þegar um er að ræða skip í sóknarmarki er þ.a.l. miðað við það þorskaflamark sem þau hefðu fengið ef þau hefðu valið þá leið. Rétt er að taka það fram að þessi samantekt er fyrst og fremst vísbending um þróun mála. Oft er mjög erfitt að átta sig á því hvað er aukning eða minnkun aflamarks á hverjum stað. Þó að heimilisfang skips hafi breyst er ekki þar með sagt að skipið hafi breytt um löndunarstað. Mörg tilvik eru um það að skip séu gerð út frá öðrum stað en heimahöfn. Breytingar á skráningu fara stundum fram löngu eftir að eigendaskipti eiga sér stað. Fleiri atriði mætti nefna, en af framanrituðu er ljóst að margir fyrirvarar eru á þeim upplýsingum sem liggja fyrir um tilflutning aflamarks milli útgerðarstaða.

Í III. lið beiðnarinnar er óskað upplýsinga um áform stjórnvalda um aðgerðir til uppbyggingar og endurnýjunar fiskiskipastólsins á næstu árum og hvaða hlutdeild íslenskum skipasmíðastöðvum er þar ætlað. Um langt skeið hafa stjórnvöld og hagsmunaaðilar í sjávarútvegi haft áhyggjur af því að fiskiskipafloti landsmanna væri stærri en svarar afrakstursgetu helstu nytjastofna okkar. Þessi sjónarmið leiddu til þess að algjört bann var lagt við innflutningi á fiskiskipum til landsins. Það bann rann formlega úr gildi hinn 1. ágúst 1984. Þrátt fyrir afnám þess hefur í reynd ekki verið um að ræða nýsmíði innanlands eða innflutning á skipum fram að þessu. Enda þótt fiskiskipaflotinn sé of stór og meginstefna stjórnvalda hljóti því áfram að vera sú að koma í veg fyrir aukningu á afkastagetu hans er jafnljóst að endurnýjunar er þörf. Af greinargerð tæknideildar Fiskifélagsins er fullljóst að meðalaldur fiskiskipastólsins er hár og komi langt hlé þar sem engin ný skip bætast við flotann er hætt við því að við náum ekki að fylgjast með tækninýjungum á sviði fiskveiða. Því ber að stefna að hóflegri og jafnri endurnýjun flotans og reyna að komast hjá því að sú endurnýjun gerist í stórum stökkum. Með lögum nr. 97/1985 um stjórn fiskveiða 1986–1987 og með reglugerð nr. 98/1986 um breytingu á reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka er þessi stefna varðandi endurnýjun fiskiskipaflotans mörkuð.

Í reglugerðinni er sett sú meginregla að lán hvort sem er vegna nýsmíði, innflutnings eða endurbóta á fiskiskipum skuli við það miðuð að afkastageta fiskiskipastólsins aukist ekki.

Fiskveiðasjóður Íslands hefur ekki veitt lánsloforð vegna nýsmíði eða innflutnings á fiskiskipum í tæp 4 ár. Nú er gert ráð fyrir að slík lán verði tekin upp að nýju innan vissra marka. Skilyrði til slíkra lánveitinga er að skip sem umsækjandi hefur átt og rekið í a.m.k.

eitt ár og er af svipaðri stærð og afkastagetu og hið nýja skip, verði eða hafi verið strikað endanlega út af skipaskrá. Umsókn um kaup eða smíði á tilteknu skipi verður að hafa borist innan 12 mánaða frá því sambærilegt skip hvarf af skipaskrá og er lánveiting ekki heimil vegna skipa sem hurfu af skipaskrá fyrir ársbyrjun 1985.

Sé skip keypt erlendis frá skal aldur þess ekki vera yfir 4 ár. Þá eru sett allströng skilyrði er lúta að því að umsækjandi sýni fram á getu sína til að fjármagna þann hluta kaupverðsins sem sjóðurinn lánar ekki. Hámark lána vegna nýsmíði innanlands er 65% af kostnaðarverði en 60% vegna nýrra eða notaðra skipa sem keypt eru erlendis frá.

Lán til endurbóta á fiskiskipum skulu fyrst og fremst stuðla að orkusparnaði og bættri aflameðferð. Varðandi þessi lán munu gilda áfram svipaðar reglur varðandi lánahlutföll en hins vegar verður um að ræða nokkra lengingu á lánstíma.

Nánari útfærsla á þessari stefnu kemur fram í reglugerð nr. 98 26. febrúar 1986 er birtist sem fylgiskjal III og í bréfi Fiskveiðasjóðs Íslands til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 5. febrúar 1986, sem birt er sem fylgiskjal IV. Í tengslum við setningu reglugerðar nr. 98/1986 flutti sjávarútvegsráðherra tillögu í ríkisstjórn um erlendar lántökur vegna endurnýjunar og endurbóta á fiskiskipastólum og er hún birt sem fylgiskjal V. Þessi tillaga hefur ekki verið endanlega afgreidd í ríkisstjórninni en engu að síður er gert ráð fyrir að langlánanefnd og lánastofnanir vinni í samræmi við innihald hennar.

## Fylgiskjal I.

### FISKIFÉLAG ÍSLANDS - TÆKNIDEILD

---

#### ALDUR, STÆRÐ OG UPPBYGGING

#### FISKISKIPASTÓLSINS

##### INNGANGUR:

Í skýrslu þessari er að finna ýmsar upplýsingar um aldursdreifingu, flokkaskiptingu og stærð fiskiskipastólsins og dreifingu eftir kjördæmum miðað við 1. janúar 1986.

Í beiðni um skýrslu var óskað eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

- I. Aldur íslenska fiskiskipastólsins, eftir stærð og gerð, einniq sundurliðað eftir kjördæmum. Byggt verði sem næst á eftirfarandi skiptingu:

1. Bátar:

- a. undir 10 lestum
- b. 10 - 20 lestir
- c. 20 - 70 lestir
- d. 70 - 105 lestir
- e. yfir 105 lestum

Einnig komi fram hve stór hluti bátaflotans er tréskip.

2. Togaerar:

- a. yfir 500 lestum
- b. undir 500 lestum
- c. frystitogaerar

3. Loðnuskip:

4. Önnur fiskiskip, þar með taldir bátar með frysti- og vinnslubúnað.

- II. Breytingar á fiskiskipum (ef um grundvallarbreytingu á rekstri þess er að ræða, svo sem breytingu í frystiskip), flutningur á skipum milli útgerðarstaða og úrelding eða niðurfelling af skipaskrá frá 1. janúar 1984 til 1. janúar 1986.

Af hagkvæmnisástæðum þótti eðlilegast að miða við 1. janúar 1986 hvað viðkemur upplýsingum undir lið I.

Það sem fram kemur í skýrslu þessari er einkum byggt á upplýsingum í tölvu Fiskifélagsins. Skýrslan er að mestu leyti í töflu-formi og ættu töflur að skýra sig sjálfar, en

nauðsynlegt er að skýra ýmsar forsendur og túlka ýmis frávik.

#### ALDUR, STÆRÐ OG GERÐ FLOTANS - DREIFING.

##### Almennt:

Mögulegt er að skipta flotanum upp í ýmsa flokka, eftir byggingarlagi og fyrirkomulagi, veiðiaðferðum, vinnslu o.fl. þáttum. Hér áður fyrr var mjög glögg skipting flotans í togara (síðutogara) annars vegar og vélbáta (báta) hins vegar. Í dag eru skilin hins vegar ekki eins skörp, en ennþá eru í gildi þessar tveir megin flokkar, auk þess sem ákveðinn hluti bátaflotans er tekinn út úr og gerður að sérstökum flokki, þ.e. loðnuskipin. Í þeim flokki eru talin þau skip sem hafa loðnukvóta í dag.

Í togarafлотanum eru eingöngu skuttogarar, nær undantekningarlaust tveggja þilfara skip yfir ákveðinni stærð, skip sem eingöngu stunda togveiðar. Vissum hluta bátaflotans hefur verið breytt í skuttogarálíki, en telst ekki með togarafлотanum. Þá má nefna tvö stór skip, sem ýmist eru flokkuð og gerð út sem togarar eða loðnuskip, en hafa loðnukvóta og því talin hér í flokki loðnuskipa.

Í skýrslu þessari verður byggt á eftirfarandi skiptingu:

1. Bátar
2. Togarar
3. Loðnuskip

Fjórflokkurinn í beiðni, "Önnur fiskiskip, þar með taldir bátar með frysti- og vinnslubúnað" er tekinn sem flíður undir báta eða b- flíður undir loðnuskip. Í hverjum hinna þriggja megin flokka kemur því fram undirflokkur fyrir þau fiskiskip sem búin eru vinnslu- og frystibúnaði. Þótt alltaf megi deila um í hvaða flokk einstök skip eru sett, þá er þeirri reglu fylgt að sérhvert skip getur aðeins lent í einum flokki og því ekki tvítalið.

##### Bátar:

Bátaflotanum er skipt í eftirfarandi undirflokka:

- a. undir 10 lestum
- b. 10 - 19 lestir
- c. 20 - 69 lestir
- d. 70 - 105 lestir
- e. yfir 105 lestum
- f. bátar með rækjufrystingu

Í töflum 1 - 6 (s. 8-9) kemur fram fjöldi skipa, aldursdreifing og skipting eftir kjördæmum fyrir einstaka flokka. Einnig er hlutdeild tréskipa tíunduð.

Meðalaldur einstakra stærðarflokka er á bilinu 19 - 24 ár og er meðalaldur hæstur í stærðarflokkunum 20 - 69 og 70 - 105 lestir. Ef lítið er á kjördæmi er meðalaldur hæstur í Suðurlands- (30.6 ár) og Reykjaneskjördæmi (28.6 ár) í flokki 20 - 69 lestir.

Bátar með rækjufrystingu eru átta talsins, allt skip stærri en 105 lestir. Skipin eru þessi:

1128	Arnarnes IS 42	
1625	Gunnjón GK 506	
1674	Harpa GK 111	(júlí 1985)
1626	Hersir HF 227	(júlí 1984)
1640	Patrekur BA 64	
11	Sandafell HF 82	(des. 1983)
1016	Sigurður Pálmas.HU 333	(júlí 1983)
1679	Sólrún IS 1	

Upplýsingar í sviga gefa til kynna að um breytingar er að ræða innan tímabilsins 1. janúar 1984 til 1. janúar 1986.

Í töflu 12 (s. 10) er allur bátaflotinn dreginn saman í einn flokk. Fjöldi báta er 674 og meðalaldur 20.9 ár. Elstu bátarnir eru í Reykjaneskjördæmi (22.9 ár) en yngstu bátarnir í Reykjavík (16.4 ár).

#### Togarar:

Togarafлотanum er skipt í eftirfarandi undirflokk:

- a. yfir 500 lestum
- b. undir 500 lestum
- c. frystitogarar

Í töflum 7 - 9 (s. 10) kemur fram fjöldi skipa, aldursdreifing og skipting eftir kjördæmum fyrir einstaka flokka. Af tæknilegum ástæðum prentast út tréskipadálkur, en að sjálf-sögðu eru engin tréskip í þessum flokkum.

Hinir svonefndu stóru togarar (yfir 500 lestum, án frystingar) eru 14 talsins og meðalaldur þeirra 14.2 ár. Þessir togarar eru aðeins gerðir út í þremur kjördæmum.

Minni togararnir (undir 500 lestum án, frystingar) eru 80 og meðalaldur þeirra 10.4 ár og dreifast þeir á öll kjördæmin. Meðalaldur minni togara er hæstur í Reykjaneskjördæmi, 12.9 ár.

Rétt er að geta þess að tafla 8 gefur ekki alveg rétta mynd af skiptingu milli kjördæma. Þannig eru þrjú nýlegir togarar í eigu Fiskveiðasjóðs um s.l. áramót skráðir í Reykjavík. Skip þessi eru: Sölvi Bjarnason BA (úr Vestfjarðakjördæmi), Sigurfari II SH (úr Vesturlandskjördæmi) og Kolbeinsey PH (úr Norðurlandskjördæmi eystra). Þegar skýrsla þessi er unnin hefur Fiskveiðasjóður selt öll þessi skip og fóru þau aftur í sömu kjördæmi.

Samkvæmt töflu 9 eru frystitogarar 12 talsins og meðalaldur þeirra 11.5 ár. Skipin eru þessi:

1369	Akureyrin EA 10	
1481	Dalborg EA 317	
1345	Freri RE 73	(nóv. 1985)
1383	Hafþór RE 40	(sept. 1984)
1634	Hólmadrangur ST 70	

1407	Siglfirðingur SI 150	(okt. 1984)
1530	Sigurbjörg ÓF 1	(júlí 1985)
1507	Sigurey BA 25	
1609	Stakfell ÞH 360	(apríl 1985)
1393	Sveinborg SI 70	(jan. 1984)
1121	Þorleifur Jónsson HF 12	
1558	Örvar HU 21	

Hliðstætt og fyrir báta eru gefnar upplýsingar um hvenær breyting í frystiskip á sér stað innan ákveðins tímabils.

Öll þessi skip hafa það sameiginlegt að geta fryst afla, sum eru sérstaklega búin vinnslutækjum fyrir flakavinnslu, önnur með sérhæfðan rækjuvinnslubúnað og jafnvel hvorug tveggja. Um áramót síðustu voru a.m.k. þrjú togarar í breytingum til vinnslu og frystingar afla, þ.e. Merkúr RE, Arinbjörn RE og Júlíus Geirmundsson IS, en breytingum ekki lokið og þess vegna eru þeir ekki taldir með hér.

Í töflu 13 (s. 12) er allur togaraflotinn dreginn saman í einn flokk. Samkvæmt flokkun Tæknideildar er fjöldi þeirra 106 og meðalaldur 11 ár.

#### Loðnuskip:

Vegna sérstakra óska um skip með vinnslu- og frystibúnað eru loðnuskipin aðgreind í tvo flokka, þ.e.:

- a. loðnuskip (án frystibúnaðar)
- b. loðnuskip með vinnslu- og frystibúnaði

Í töflu 10 og 11 (s. 11) koma fram hliðstæðar upplýsingar og í töflum fyrir báta og togara. Tréskip fyrirfinnast að sjálfsögðu ekki í þessum flokki í dag.

Meðalaldur loðnuskipa (án frystibúnaðar) er 18.8 ár. Langflest skipanna tilheyra Reykjanes- og Suðurlandskjördæmi en í Vestfjarða- og Norðurlandskjördæmi vestra eru engin loðnuskip skráð.

Loðnuskip með vinnslu- og frystibúnaði eru 5 talsins og meðalaldur mun lægri, eða 10.6 ár. Skip þessi eru (ásamt upplýsingum um breytingar):

1504	Bjarni Ólafsson AK 70	
1525	Eldborg HF 13	
1551	Hilmir SU 171	(júní 1985)
155	Jón Kjartansson SU 111	(júlí 1985)
1586	Sjávarborg GK 60	(júní 1983)

Einkum er um að ræða búnað til rækjufrystingar, en einnig búnað til hrognafrystingar og kolmunnafrystingar. Vitað er um nokkur loðnuskip sem á þessu ári bætast við þann flokk loðnuskipa, sem búin er vinnslu- og frystitækjum.

#### Öll skip:

Í töflu 15 (s. 13) eru öll fiskiskip tekin saman í einn flokk. Samkvæmt henni eru þilfarsfiskiskip (hvalveiðiskip

undanskilin) 828 talsins og meðalaldur 19.5 ár. Fjöldi tréskipa er tæpur helmingur, eða 407. Flest skip eru í Reykjaneskjördæmi (168) og Vestfjarðakjördæmi (145) og meðalaldur jafnframt hæstur í þessum tveimur kjördæmum. Fæst skip eru í Norðurlandskjördæmi vestra (40).

A vissan hátt gefur fjöldi eininga (skipa) og meðalaldur þeirra mjög ófullkomna mynd af flotanum. Í töflu 16 er að finna fyllri upplýsingar um flotann og einstaka flokka, skipt upp eftir kjördæmum. Ef rúmlestir eru skoðaðar er hlutdeild Reykjaneskjördæmis 21% (23323 lestir), en aðeins 4.5% (4967 lestir) í Norðurlandskjördæmi vestra. Meðalstærð skipa er nokkuð áþekkt í fimm kjördæmum af átta, á bilinu 124 - 159 lestir. Meðalstærð skipa sker sig nokkuð úr í tveimur kjördæmum, í Reykjavík 268 lestir og í Vestfjarðakjördæmi 77 lestir. (Ath: togarar í eigu Fiskveiðasjóðs skekkja tölur lítillega).

Í töflu 16 (s. 13) eru settar fram upplýsingar um það sem kalla mætti veginn aldur, þ.e. margfeldi skipsstærðar og aldurs. Þessi reikningsaðferð gefur á margan hátt réttari mynd, og í reynd fæst meðalaldur rúmlesta. Það gefur auga leið að þessi aðferð gefur lægri meðalaldur flotans, þar sem skuttogaraflotinn (meðalaldur 11.4 ár) fær aukið vægi. Þessi reikningsaðferð lækkar meðalaldurinn úr 19.5 ár í 16.2 ár.

#### BREYTINGAR A FISKISKIPUM, FLUTNINGUR O.FL.

##### Almennt:

Óskir varðandi þennan þátt eru í megin atriðum þrjúþéttar, þ.e.:

- Tæknilegar breytingar
- Flutningur milli útgerðarstaða
- Úrvaling eða niðurfelling af skipaskrá

Óskað er upplýsinga fyrir tímabilið 1. janúar 1984 til 1. janúar 1986. Ekki er beðið um upplýsingar um skip sem betast við flotann á umræddu tímabili, en þeim upplýsingum er bætt við.

Upplýsingar um framangreind atriði er að finna í skipalista sundurliðað eftir kjördæmum og útgerðarstöðum, sem er hluti þessarar skýrslu (sjá s. 14 - 24 ). Listi þessi er byggður upp á þann hátt að fram kemur hvenær á umræddu tímabili breyting/flutningur o.þ.h.á sér stað; skipaskrárnúmer og nafn skips; hvort um sé að ræða minnkun eða aukningu flota (svo og tæknileg breyting) á viðkomandi stað og nánari upplýsingar um tilurð, þ.e. hvaðan kom skipið, hvert fór það o.s.frv.

Stöðlun þessara upplýsinga í einhvers konar töfluformi er erfið og tímafrek og því var valinn sá kostur að birta upplýsingar í formi lista.

### Tæknilegar breytingar:

Undir tæknilegar breytingar eru teknar lengingar og yfirbyggingar skipa. Getið er um þessar breytingar í skipalista-num, en enginn frekari samantekt á þeim.

Hvað viðkemur breytingum í frystiskip, þá eru þær breytingar ekki í umræddum lista, en í köflum hér að framan eru frystiskip nafngreind og nánari upplýsingar um slíkar breytingar á tímabilinu.

### Flutningur milli útgerðarstaða:

Í skipalista eru upplýsingar um flutning milli útgerðarstaða. Rétt er að taka það fram að í sumum tilvikum fæst ekki rétt mynd af útgerðarstað. Öll flokkun í skýrslu þessari byggir á skrásettri heimahöfn skipsins, sem getur verið fjarri útgerðarstað viðkomandi skips. Þá er ekki átt við það að skip sé gert út frá öðrum stað hluta árs, eins og oft tíðkast t.d. á vetrarvertíð.

### Skip sem falla úr fiskiskipaflotanum:

Auk upplýsinga í skipalista um úreldingu, niðurfellingu af skipaskrá, hefur verið gerð frekari samantekt á þessum þætti. Árin 1984 og 1985 er úrfall úr fiskiskipastólnum sem hér segir:

	Fj.	Samt.lestir
Skipum fargað - úreldingarsjóður:	11	299
Skip sem hafa sokkið, farist o.fl.:	10	636
Skip seld úr landi:	1	311
Skip sem varð rannsóknarskip	1	149
Samtals:	23	1.395

Meðalstærð þessara skipa er 61 lest.

### Skip sem bætast við fiskiskipaflotann:

Skip sem bætast við fiskiskipastólinn árin 1984 og 1985 er að finna í skipalista. Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir um fjölda og rúmlestatölu þessara skipa:

	Fj.	Samt.lestir
Skip smíðuð innanlands	12	568
Skip smíðuð erlendis	4	682
Skip sem var endurskráð	1	6
Skip sem áður höfðu önnur verkefni	2	797
Samtals:	19	2.053

Meðalstærð þessara skipa er 108 lestir. Innanlandssmíðin er að mestu litlir þilfarsbátar, enda meðalstærðin aðeins 47 lestir.

### LOKAORÐ:

Skýrsla þessi er að mestu byggð á þeim upplýsingum sem fyrir liggja í tölvu Fiskifélagsins. Avalt er leitast við að halda skipaskránni við og leiðrétta hugsanlegar

villur og breytingar sem eiga sér stað í flotanum, þannig að á sérhverjum tíma fáiast sem réttust mynd af flotanum.

Ýmsir annmarkar geta verið á skiptingu flotans eftir gerðum skipa og skiptar skoðanir á því hvar eigi að flokka sum skipin. Hvað varðar sérstakar óskir um skip með vinnslu- og frystibúnað, þá hefur verið stuðst við upplýsingar frá Þóri Guðmundssyni Fiskifélaginu um breytingar á skipum. Rétt er að taka það fram að mjög misjafnt er í hve miklum mæli skip, búin frystingu og einhvers konar vinnslu, stunda slíkt úthald, en möguleikinn er hins vegar fyrir hendi.

Að lokum má geta þess að flokkun eftir útgerðarstöðum, og þar með kjördæmum gefur ekki í öllum tilvikum nákvæmlega rétta mynd.

-----

Reykjavík, 18. apríl 1986  
TFF-Auðunn Ágústsson/Emil Ragnarsson

Fiskifélag Íslands † Tæknideild † Skipaskrá pr. 1-Jan-1986

Batar undir 10 lestum

< Tafli 1 >

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reskjanas Heild Tre	Reskjavik Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre	
????	-	-	1 1	-	-	-	-	1 1	-	2 2
71-75	-	-	-	-	-	-	-	1 1	1 1	
66-70	-	-	-	-	-	1 1	-	-	1 1	
56-60	-	-	-	-	-	1 1	-	-	1 1	
51-55	1 1	-	-	-	-	-	-	-	1 1	
46-50	-	-	-	1 1	2 2	-	-	-	3 3	
41-45	-	1 1	-	-	1 1	-	-	-	2 2	
36-40	-	-	-	-	1 1	-	1 1	-	2 2	
31-35	-	2 2	-	-	4 4	1 1	4 4	-	11 11	
26-30	-	3 3	1 1	-	7 6	-	5 5	1 1	17 16	
21-25	2 2	3 3	2 2	2 2	12 12	-	5 5	5 5	31 31	
16-20	-	-	-	1 1	1 1	2 2	-	1 1	5 5	
11-15	2 2	-	-	4 4	3 3	1 1	9 9	3 2	22 21	
6-10	-	1 -	4 2	4 -	5 3	1 -	2 2	4 1	21 8	
1- 5	5 1	3 -	5 1	11 1	3 2	- -	1 -	5 -	33 5	
<b>Samtals</b>	<b>10 6</b>	<b>14 10</b>	<b>12 6</b>	<b>23 9</b>	<b>41 37</b>	<b>5 4</b>	<b>28 27</b>	<b>20 11</b>	<b>153 110</b>	
<b>Medal</b>	<b>14.1 ar</b>	<b>25.6 ar</b>	<b>10.0 ar</b>	<b>10.0 ar</b>	<b>24.9 ar</b>	<b>16.8 ar</b>	<b>23.3 ar</b>	<b>16.4 ar</b>	<b>19.2 ar</b>	

Batar 10 - 19 lestir

< Tafli 2 >

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reskjanas Heild Tre	Reskjavik Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
56-60	1 1	-	-	-	1 1	-	-	-	2 2
51-55	-	-	-	-	1 1	-	-	-	1 1
46-50	-	1 1	-	-	2 2	-	-	1 1	4 4
41-45	1 1	-	1 -	1 1	3 3	-	-	-	6 5
31-35	-	-	-	1 1	1 1	-	1 1	-	3 3
26-30	-	3 3	1 1	-	4 4	1 1	-	1 1	10 10
21-25	2 2	12 11	-	1 1	6 6	1 1	-	2 2	24 23
16-20	2 2	2 2	1 1	2 2	5 5	-	2 2	-	14 14
11-15	2 2	13 13	3 3	9 8	14 14	4 4	10 10	7 7	62 61
6-10	1 -	4 1	-	1 -	4 2	-	1 -	2 -	13 3
1- 5	1 -	1 -	2 -	1 -	- -	1 -	1 1	1 -	8 1
<b>Samtals</b>	<b>10 8</b>	<b>36 31</b>	<b>8 5</b>	<b>16 13</b>	<b>41 39</b>	<b>7 6</b>	<b>15 14</b>	<b>14 11</b>	<b>147 127</b>
<b>Medal</b>	<b>21.6 ar</b>	<b>18.3 ar</b>	<b>16.0 ar</b>	<b>17.1 ar</b>	<b>22.6 ar</b>	<b>15.7 ar</b>	<b>13.9 ar</b>	<b>17.6 ar</b>	<b>18.9 ar</b>

Batar 20 - 69 lestir

< Tafli 3 >

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reskjanas Heild Tre	Reskjavik Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
56-60	1 1	1 1	-	-	-	-	1 1	-	3 3
51-55	2 2	1 1	1 1	1 1	-	-	-	-	5 5
46-50	1 1	-	-	-	-	-	-	-	1 1
41-45	2 2	4 4	-	-	2 2	-	1 1	-	9 9
36-40	5 5	5 5	-	2 2	1 1	3 3	2 2	-	18 18
31-35	3 2	4 4	1 1	3 3	1 1	-	1 1	-	13 12
26-30	1 1	3 2	1 1	7 5	6 6	5 3	5 5	1 1	29 24
21-25	-	1 1	-	1 1	1 1	1 1	2 2	1 1	7 7
16-20	4 2	1 1	-	-	2 1	3 2	1 -	1 -	12 6
11-15	4 2	6 4	3 3	3 2	13 11	2 2	10 8	1 1	42 33
6-10	-	2 1	3 2	1 1	5 3	1 1	2 2	1 1	15 11
1- 5	1 -	1 -	1 -	-	1 -	-	-	1 -	5 -
<b>Samtals</b>	<b>24 18</b>	<b>29 24</b>	<b>10 8</b>	<b>18 15</b>	<b>32 26</b>	<b>15 12</b>	<b>25 22</b>	<b>6 4</b>	<b>159 129</b>
<b>Medal</b>	<b>30.6 ar</b>	<b>28.6 ar</b>	<b>18.2 ar</b>	<b>27.8 ar</b>	<b>18.7 ar</b>	<b>24.9 ar</b>	<b>22.4 ar</b>	<b>15.3 ar</b>	<b>24.3 ar</b>

## Fiskifelag Íslands \* Táknideild \* Skipaskrá pr. 1-Jan-1986

## Batar 70 - 105 lestir

&lt; Tafla 4 &gt;

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reykjanes Heild Tre	Reykjavík Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
41-45	-	-	-	-	-	-	-	1 1	1 1
36-40	1 1	-	-	-	-	-	-	1 1	2 2
31-35	1 -	-	-	-	1 1	-	-	1 1	3 2
26-30	6 3	7 7	2 1	6 2	1 -	1 1	3 2	2 1	28 17
21-25	4 1	4 3	-	4 3	1 1	-	-	7 7	20 15
16-20	2 -	1 -	-	-	-	1 -	-	2 -	6 -
11-15	3 -	1 -	1 -	3 -	-	-	-	4 -	12 -
6-10	1 -	-	-	1 -	-	-	1 -	-	3 -
Samtals	18 5	13 10	3 1	14 5	3 2	2 1	6 4	16 9	75 37
Medal	23.4 ar	24.4 ar	23.7 ar	21.8 ar	27.3 ar	22.0 ar	26.2 ar	21.8 ar	23.3 ar

## Batar yfir 105 lestum

&lt; Tafla 5 &gt;

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reykjanes Heild Tre	Reykjavík Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
36-40	-	-	-	-	1 1	-	-	-	1 1
26-30	2 -	17 -	2 -	2 -	-	-	3 -	-	26 -
21-25	8 1	17 -	2 -	7 -	6 -	1 -	6 1	3 -	50 2
16-20	5 -	7 -	-	4 -	4 -	-	2 1	5 -	27 1
11-15	6 -	3 -	-	7 -	-	-	1 -	4 -	21 -
6-10	3 -	-	-	1 -	-	-	1 -	-	5 -
1-5	1 -	-	-	-	-	-	-	1 -	2 -
Samtals	25 1	44 -	4 -	21 -	11 1	1 -	13 2	13 -	132 4
Medal	17.3 ar	22.9 ar	25.3 ar	18.4 ar	22.4 ar	22.0 ar	21.1 ar	16.3 ar	20.3 ar

## Batar með rækjufrystingu

&lt; Tafla 6 &gt;

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reykjanes Heild Tre	Reykjavík Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
21-25	-	-	-	-	1 -	-	-	1 -	2 -
16-20	-	-	-	-	-	1 -	-	-	1 -
6-10	-	1 -	-	-	-	-	-	-	1 -
1-5	-	2 -	-	-	2 -	-	-	-	4 -
Samtals	-	3 -	-	-	3 -	1 -	-	1 -	8 -
Medal	0.0 ar	5.0 ar	0.0 ar	0.0 ar	10.3 ar	20.0 ar	0.0 ar	23.0 ar	11.1 ar

Fiskifelás Íslands † Tæknideild † Skipaskrá þr., 1-jan-1986

Tosarar yfir 500 lestum < Tafla 7 >

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reykjanes Heild Tre	Reykjavík Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
16-20	- -	1 -	1 -	- -	- -	- -	2 -	- -	4 -
11-15	- -	2 -	6 -	- -	- -	- -	2 -	- -	10 -
Samtals	- -	3 -	7 -	- -	- -	- -	4 -	- -	14 -
Medal	0.0 ar	14.0 ar	14.1 ar	0.0 ar	0.0 ar	0.0 ar	14.5 ar	0.0 ar	14.2 ar

Tosarar undir 500 lestum < Tafla 8 >

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reykjanes Heild Tre	Reykjavík Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
16-20	- -	1 -	1 -	- -	- -	- -	1 -	- -	3 -
11-15	5 -	7 -	2 -	4 -	5 -	4 -	5 -	9 -	43 -
6-10	2 -	2 -	5 -	2 -	5 -	- -	3 -	5 -	24 -
1-5	2 -	- -	3 -	1 -	2 -	- -	- -	2 -	10 -
Samtals	9 -	10 -	11 -	7 -	12 -	6 -	9 -	16 -	80 -
Medal	9.2 ar	12.9 ar	8.7 ar	9.1 ar	9.5 ar	12.7 ar	11.9 ar	9.9 ar	10.4 ar

Fréttitosarar < Tafla 9 >

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reykjanes Heild Tre	Reykjavík Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
16-20	- -	1 -	- -	- -	- -	2 -	- -	- -	3 -
11-15	- -	- -	2 -	- -	1 -	- -	2 -	- -	5 -
6-10	- -	- -	- -	- -	- -	- -	1 -	- -	1 -
1-5	- -	- -	- -	- -	1 -	1 -	1 -	- -	3 -
Samtals	- -	1 -	2 -	- -	2 -	3 -	4 -	- -	12 -
Medal	0.0 ar	20.0 ar	12.5 ar	0.0 ar	8.0 ar	13.0 ar	9.5 ar	0.0 ar	11.5 ar

Fiskifelag Islands † Tæknideild † Skipaskra nr. 1-Jan-1986

Lodnuskip

< Tafla 10 >

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reykjanes Heild Tre	Reykjavik Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
26-30	- -	- -	2 -	1 -	- -	- -	- -	1 -	4 -
21-25	1 -	4 -	- -	- -	- -	- -	1 -	1 -	7 -
16-20	6 -	7 -	3 -	1 -	- -	- -	4 -	4 -	25 -
11-15	2 -	1 -	- -	2 -	- -	- -	- -	- -	5 -
6-10	1 -	1 -	- -	- -	- -	- -	- -	- -	2 -
Samtals ar	10 -	13 -	5 -	4 -	- -	- -	5 -	6 -	43 -
Medal	16,7 ar	18,4 ar	22,6 ar	16,8 ar	0,0 ar	0,0 ar	19,8 ar	20,7 ar	18,8 ar

Lodnuskip með frystinsu

< Tafla 11 >

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reykjanes Heild Tre	Reykjavik Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
26-30	- -	- -	- -	- -	- -	- -	- -	1 -	1 -
6-10	- -	1 -	- -	1 -	- -	- -	- -	1 -	3 -
1- 5	- -	1 -	- -	- -	- -	- -	- -	- -	1 -
Samtals ar	- -	2 -	- -	1 -	- -	- -	- -	2 -	5 -
Medal	0,0 ar	6,5 ar	0,0 ar	8,0 ar	0,0 ar	0,0 ar	0,0 ar	16,0 ar	10,6 ar

Fiskifelás Íslands † Tæknideild † Skipaskrá nr. 1-Jan-1986

Allir bátar

< Tæfla 12 >

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reskjanas Heild Tre	Reskjavík Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
?????	- -	1 1	- -	- -	- -	- -	1 1	- -	2 2
71-75	- -	- -	- -	- -	- -	- -	- -	1 1	1 1
66-70	- -	- -	- -	- -	1 1	- -	- -	- -	1 1
56-60	2 2	1 1	- -	- -	2 2	- -	1 1	- -	6 6
51-55	3 3	1 1	1 1	1 1	1 1	- -	- -	- -	7 7
46-50	1 1	1 1	- -	1 1	4 4	- -	- -	1 1	8 8
41-45	3 3	5 5	1 -	1 1	6 6	- -	1 1	1 1	18 17
36-40	6 6	5 5	- -	2 2	3 3	3 3	4 4	- -	23 23
31-35	4 2	6 6	1 1	4 4	7 7	1 1	7 7	- -	30 28
26-30	9 4	33 15	7 4	15 7	18 16	7 5	16 12	5 4	110 67
21-25	16 6	37 18	4 2	15 7	27 20	3 2	13 8	19 15	134 78
16-20	13 4	11 3	1 1	7 3	12 7	7 4	5 3	9 1	65 26
11-15	17 6	23 17	7 6	26 14	30 28	7 7	30 27	19 10	159 115
6-10	5 -	8 2	7 4	8 1	14 8	2 1	7 4	7 2	58 22
1-5	8 1	7 -	8 1	12 1	6 2	1 -	2 1	8 -	52 6
<b>Samtals</b>	<b>87 38</b>	<b>139 75</b>	<b>37 20</b>	<b>92 42</b>	<b>131 105</b>	<b>31 23</b>	<b>87 69</b>	<b>70 35</b>	<b>674 407</b>
<b>Medal</b>	<b>22,4 ar</b>	<b>22,9 ar</b>	<b>16,4 ar</b>	<b>18,4 ar</b>	<b>22,2 ar</b>	<b>21,1 ar</b>	<b>21,3 ar</b>	<b>17,8 ar</b>	<b>20,9 ar</b>

Allir tostarar

< Tæfla 13 >

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reskjanas Heild Tre	Reskjavík Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
16-20	- -	3 -	2 -	- -	- -	2 -	3 -	- -	10 -
11-15	5 -	9 -	10 -	4 -	6 -	6 -	9 -	9 -	58 -
6-10	2 -	2 -	5 -	2 -	5 -	- -	4 -	5 -	25 -
1-5	2 -	- -	3 -	1 -	3 -	1 -	1 -	2 -	13 -
<b>Samtals</b>	<b>9 -</b>	<b>14 -</b>	<b>20 -</b>	<b>7 -</b>	<b>14 -</b>	<b>9 -</b>	<b>17 -</b>	<b>16 -</b>	<b>106 -</b>
<b>Medal</b>	<b>9,2 ar</b>	<b>13,6 ar</b>	<b>11,0 ar</b>	<b>9,1 ar</b>	<b>9,3 ar</b>	<b>12,8 ar</b>	<b>11,9 ar</b>	<b>9,9 ar</b>	<b>11,0 ar</b>

Öll lodruskip

< Tæfla 14 >

Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reskjanas Heild Tre	Reskjavík Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre
26-30	- -	- -	2 -	1 -	- -	- -	- -	2 -	5 -
21-25	1 -	4 -	- -	- -	- -	- -	1 -	1 -	7 -
16-20	6 -	7 -	3 -	1 -	- -	- -	4 -	4 -	25 -
11-15	2 -	1 -	- -	2 -	- -	- -	- -	- -	5 -
6-10	1 -	2 -	- -	1 -	- -	- -	- -	1 -	5 -
1-5	- -	1 -	- -	- -	- -	- -	- -	- -	1 -
<b>Samtals</b>	<b>10 -</b>	<b>15 -</b>	<b>5 -</b>	<b>5 -</b>	<b>- -</b>	<b>- -</b>	<b>5 -</b>	<b>8 -</b>	<b>48 -</b>
<b>Medal</b>	<b>16,7 ar</b>	<b>16,8 ar</b>	<b>22,6 ar</b>	<b>15,0 ar</b>	<b>0,0 ar</b>	<b>0,0 ar</b>	<b>19,8 ar</b>	<b>19,5 ar</b>	<b>18,0 ar</b>

Fiskifelag Islands † Tæknideild † Skipaskra pr. 1-Jan-1986										Allur fiskiskipafloinn				< Tafla 15 >				
Aldur ar	Sudurland Heild Tre	Reykjanes Heild Tre	Reykjavik Heild Tre	Vesturland Heild Tre	Vestfirðir Heild Tre	Nordurl.v. Heild Tre	Nordurl.e. Heild Tre	Austfirðir Heild Tre	Allt landid Heild Tre									
????	-	-	1	1	-	-	-	-	-	-	-	1	1	-	-	2	2	
71-75	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	1	1	1	
66-70	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	1	
56-60	2	2	1	1	-	-	-	2	2	-	-	1	1	-	-	6	6	
51-55	3	3	1	1	1	1	1	1	1	-	-	-	-	-	-	7	7	
46-50	1	1	1	1	-	-	1	1	4	4	-	-	-	1	1	8	8	
41-45	3	3	5	5	1	-	1	1	6	6	-	-	1	1	1	18	17	
36-40	6	6	5	5	-	-	2	2	3	3	3	3	4	4	-	23	23	
31-35	4	2	6	6	1	1	4	4	7	7	1	1	7	7	-	30	28	
26-30	9	4	33	15	9	4	16	7	18	16	7	5	16	12	7	4	115	67
21-25	17	6	41	18	4	2	15	7	27	20	3	2	14	8	20	15	141	78
16-20	19	4	21	3	6	1	8	3	12	7	9	4	12	3	13	1	100	26
11-15	24	6	33	17	17	6	32	14	36	28	13	7	39	27	28	10	222	115
6-10	8	-	12	2	12	4	11	1	19	8	2	1	11	4	13	2	88	22
1-5	10	1	8	-	11	1	13	1	9	2	2	-	3	1	10	-	66	6
Santals ar	106	38	168	75	62	20	104	42	145	105	40	23	109	69	94	35	828	407
Medal	20,7 ar		21,6 ar		15,2 ar		17,6 ar		20,9 ar		19,2 ar		19,8 ar		16,6 ar		19,5 ar	

Fiskifelag Islands † Tæknideild † Skipaskra pr. 1-Jan-1986										Heildarsfirlit				< Tafla 16 >		
Kjördæmi	<--- Allir batar --->				<--- Allir tosanar --->				<--- Öll lodruskip --->				<--- Öll fiskiskip --->			
	Fjö ldi	Rumlestir	Vesinn	Medal	Fjö ldi	Rumlestir	Vesinn	Medal	Fjö ldi	Rumlestir	Vesinn	Medal	Fjö ldi	Rumlestir	Vesinn	Medal
Sudurland	87	7086	81.4	21.1	9	3387	376.3	10.0	10	3469	346.9	16.4	106	13942	131.5	17.3
Reykjanes	139	11017	79.3	22.4	14	6655	475.4	13.7	15	5651	376.7	15.0	168	23323	138.8	18.1
Reykjavik	37	1639	44.3	22.5	20	12364	616.2	11.7	5	2608	521.6	24.4	62	16611	267.7	14.8
Vesturland	92	5923	64.4	20.4	7	2419	345.6	9.0	5	2581	516.2	16.8	104	10923	105.0	17.1
Vestfirðir	131	5174	39.5	20.3	14	5964	426.0	9.3	0	0	0.0	0.0	145	11138	76.8	14.4
Nordurl.v.	31	1384	44.6	22.8	9	3583	398.1	12.2	0	0	0.0	0.0	40	4967	124.2	15.2
Nordurl.e.	87	4058	46.6	22.1	17	9025	530.9	12.1	5	1664	332.8	19.7	109	14747	135.3	15.7
Austfirðir	70	4394	62.8	18.5	16	6492	405.8	10.3	8	4067	508.4	19.8	94	14953	159.1	15.3
Allt landid	674	40675	60.3	21.2	106	49889	470.7	11.4	48	20040	417.5	18.1	828	116604	133.6	16.2

Fiskifélag Islands \* Tæknideild \* Tilfærslur í flota árin 1984 og 1985 **Sudurland**

**Vestmannaeyjar**

Marz 1984 848	Hellisey	VE 503	Minnkun,	ur flota - Sökk
Marz 1984 1651	Gideon	VE 104	Auknings,	í flota - Nytt skip
Marz 1984 1677	Kari	VE 7	Auknings,	í flota - Nytt skip
April 1984 1652	Halkion	VE 105	Auknings,	í flota - Nytt skip
Juni 1984 1228	Stisandi	VE 77	Minnkun,	ner stadur Talknafjörður
Juni 1984 922	Sisurbára	VE 249	Auknings,	ferri stadur Grindavík
Asust 1984 922	Sisurbára	VE 249	Minnkun,	ner stadur Holmevík
Sept. 1984 1631	Sisurbára	VE 249	Auknings,	ferri stadur Bakkafjörður
Okt. 1984 189	Valdimar Sveinsson	VE 22	Minnkun,	ner stadur Arskógsströnd
Nov. 1984 535	Haförn	VE 23	Minnkun,	ur flota - Onett
Des. 1984 989	Sabjörns	VE 56	Minnkun,	ur flota - Strandadi
Des. 1984 721	Sisurbjörns	VE 62	Minnkun,	ner stadur Keflavík
Jan. 1985 259	Valdimar Sveinsson	VE 22	Auknings,	ferri stadur Keflavík
Jan. 1985 1590	Freyja	VE 260	Auknings,	ferri stadur Reykjavík
Jan. 1985 263	Gandi	VE 171	Minnkun,	ner stadur Husavík
Febr. 1985 84	Gandi	VE 171	Auknings,	ferri stadur Akranes
Juni 1985 1431	Gaui samli	VE 6	Auknings,	ferri stadur Keflavík
Juli 1985 1480	Örn	VE 66	Minnkun,	ner stadur Olafsvík
Okt. 1985 244	Glofaxi	VE 300	Brestins,	skip yfirbásst.
Okt. 1985 1258	Sudurey	VE 500	Brestins,	skip lanst.
Okt. 1985 1258	Sudurey	VE 500	Brestins,	skip yfirbásst.
Okt. 1985 1011	Gisja	RE 340	Auknings,	ferri stadur Reykjavík
Nov. 1985 1606	Twistur	VE 222	Auknings,	ferri stadur Reykjavík
Nov. 1985 1699	Laufey Jörsensdóttir	VE 23	Auknings,	í flota - Nytt skip

**Vík í Mýrdal**

Juli 1984 1190 Mani VS 3 Minnkun, ner stadur Þingeyri

**Stokkseyri**

Mai 1985 1473 Eðjarni Herjólfsson AR 200 Minnkun, ner stadur Akureyri

**Eyrarbakki**

Febr. 1984 1464	Sadís	AR 14	Minnkun,	ner stadur Olafsvík
Mai 1984 1455	Björn Sisurdsson	AR 110	Minnkun,	ner stadur Bolungarsvík
Asust 1984 571	Fossbors	AR 31	Minnkun,	ur flota - Onett
Nov. 1984 1068	Fossbors	AR 31	Auknings,	ferri stadur Arskógsströnd
Jan. 1985 1269	SisPor	AR 107	Auknings,	ferri stadur Bildudalur
Febr. 1985 1054	Drifa	AR 300	Auknings,	ferri stadur Djúpvogur
April 1985 1269	SisPor	AR 107	Minnkun,	ner stadur Þorlákshöfn

**Þorlákshöfn**

Marz 1984 225	Bryndjolfur	AR 4	Auknings,	ferri stadur Hornafjörður
Mai 1984 62	Delaröst	AR 63	Minnkun,	ner stadur Hornafjörður
Mai 1984 1639	Delaröst	AR 63	Auknings,	ferri stadur Hornafjörður
Juni 1984 892	Jon Helgason	AR 12	Minnkun,	ner stadur Hrisey
Juni 1984 261	Ösmundur	AR 3	Minnkun,	ur flota - Onett
Asust 1984 1513	Svana	AR 15	Auknings,	ferri stadur Reykjavík
Okt. 1984 1562	Jon & Hofi	AR 62	Brestins,	skip yfirbásst.
Febr. 1985 524	Hafliði	AR 222	Minnkun,	ner stadur Grindavík
Marz 1985 1220	Oskasteinn	AR 116	Auknings,	ferri stadur Sándserdi
April 1985 1386	Julius	AR 111	Minnkun,	ner stadur Sislufjörður
Mai 1985 1513	Svana	AR 15	Minnkun,	ner stadur Keflavík
Mai 1985 58	Julius	AR 111	Auknings,	ferri stadur Sislufjörður
Mai 1985 1269	Stakkavík	AR 107	Auknings,	ferri stadur Eyrarbakki
Mai 1985 217	Szunn Szmundsdóttir	AR 60	Minnkun,	ner stadur Hrisey
Juni 1985 1546	Gudbjörn	AR 34	Auknings,	ferri stadur Reykjavík
Okt. 1985 1143	Gissur	AR 6	Minnkun,	ner stadur Vornafjörður
Nov. 1985 1697	Szunn Szmundsdóttir	AR 60	Auknings,	í flota - Nytt skip
Jan. 1986 1124	Valdemar Kristinsson	AR 320	Auknings,	ferri stadur Þorsarfjörður eystri

Fiskifelag Islands \* Tæknideild \* Tilfærslur i flota arin 1984 os 1985 Reskjanas

Grindavik

Febr. 1984	180 Gardar	GK 141 Auknings,	ferri stadur Reskjavik
Febr. 1984	360 Friss	GK 138 Minnkun,	ner stadur Keflavik
Marz 1984	335 Porarinn	GK 35 Auknings,	ferri stadur Keflavik
Marz 1984	674 Eldey	GK 325 Auknings,	ferri stadur Reskjavik
Marz 1984	1319 Nunni	GK 161 Minnkun,	ner stadur Reskjavik
Mai 1984	922 Budanes	GK 101 Minnkun,	ner stadur Vestmannaeyjar
Mai 1984	674 Eldey	GK 325 Minnkun,	ner stadur Grenivik
Mai 1984	1626 Hafrenningsur	GK 38 Minnkun,	ner stadur Hafnarfjörður
Juli 1984	1063 Kopur	GK 175 Brestins,	skip yfirbæst.
Juli 1984	237 Hrunsnir	GK 50 Brestins,	skip yfirbæst.
Juli 1984	1013 Porkatla II	GK 197 Brestins,	skip yfirbæst.
Asust 1984	409 Bui	GK 107 Auknings,	ferri stadur Keflavik
Sept. 1984	1023 Skarfur	GK 666 Brestins,	skip yfirbæst.
Okt. 1984	11 Sandafell	GK 82 Minnkun,	ner stadur Breiddalsvik
Des. 1984	756 Hræppur	GK 89 Auknings,	ferri stadur Vosar
Des. 1984	1073 Sandvik	GK 325 Auknings,	ferri stadur Keflavik
Febr. 1985	1674 Harpa	GK 111 Auknings,	i flota - Nytt skip
Marz 1985	1078 Hrönn	GK 102 Auknings,	ferri stadur Vosar
Marz 1985	524 Hafliði	GK 140 Auknings,	ferri stadur Þorlakshöfn
Apríl 1985	409 Bui	GK 107 Minnkun,	ner stadur Sisluvfjörður
Mai 1985	1316 Szfínnur	GK 122 Auknings,	ferri stadur Neskaupstaður
Juli 1985	1078 Hrönn	GK 102 Minnkun,	ner stadur Akranes
Asust 1985	641 Audbjörns	GK 86 Minnkun,	ner stadur Eskifjörður
Okt. 1985	145 Þorsteinn	GK 16 Brestins,	skip yfirbæst.
Okt. 1985	1333 Sigurdur Þorleifsson	GK 256 Brestins,	skip yfirbæst.

Sandserdi

Febr. 1984	219 Vidir II	GK 275 Brestins,	skip yfirbæst.
Mai 1984	890 Lilli Lær	GK 413 Auknings,	ferri stadur Husavik
Sept. 1984	949 Fasranes	GK 171 Auknings,	ferri stadur Hauganes
Okt. 1984	160 Bardinn	GK 475 Auknings,	ferri stadur Kopavosur
Des. 1984	978 Sisurpall	GK 375 Minnkun,	ner stadur Sisluvfjörður
Febr. 1985	2 Akurey	SF 52 Auknings,	ferri stadur Hornafjörður
Febr. 1985	1220 Smari	GK 81 Minnkun,	ner stadur Þorlakshöfn
Apríl 1985	963 SigurJon	GK 49 Minnkun,	ner stadur Bakkafjörður
Mai 1985	330 Losi	GK 121 Auknings,	ferri stadur Þatreksfjörður
Juni 1985	27 SigurJon	GK 49 Auknings,	ferri stadur Gardur
Okt. 1985	1518 Hafsteinn	AK 111 Auknings,	ferri stadur Akranes

Gardur

Febr. 1984	1128 Ingolfur	GK 42 Minnkun,	ner stadur Isafjörður
Asust 1984	1350 Oddur Jonsson	GK 59 Minnkun,	ner stadur Reskjavik
Nov. 1984	1185 Gudmundur Arnar	KE 200 Auknings,	ferri stadur Keflavik
Nov. 1984	1449 Erlinsur	GK 6 Minnkun,	ner stadur Hornafjörður
Mai 1985	27 Björsvin Mar	GK 149 Minnkun,	ner stadur Sandserdi
Mai 1985	1453 Sisurvin	GK 51 Minnkun,	ner stadur Keflavik
Juni 1985	1393 Sveinborg	GK 70 Minnkun,	ner stadur Sisluvfjörður
Okt. 1985	1036 Hæppasill	GK 225 Minnkun,	ner stadur Bildudalur

/ Framhald /

Fiskifelas Islands \* Taknideild \* Tilfærslur i flota arin 1984 os 1985 Reukjanes /Frh/

Keflavik

Febr. 1984	335	Porarinn	KE 18	Minnkun,	ner stadur Grindavik
Febr. 1984	842	Sarun	KE 248	Minnkun,	ner stadur Patreksfjörður
Marz 1984	360	Bjarni	KE 23	Aukning,	ferri stadur Grindavik
April 1984	972	Petur Insi	KE 32	Minnkun,	ner stadur Djúvíosur
April 1984	1581	Geir	KE 67	Aukning,	ferri stadur Bakkafjörður
Mai 1984	1438	Arnar	KE 260	Aukning,	ferri stadur Arskosströnd
Juli 1984	409	Hesri	KE 107	Minnkun,	ner stadur Grindavik
Juli 1984	1254	Arnar	KE 360	Minnkun,	ner stadur Olafsvik
Okt. 1984	1185	Hinrik	KE 200	Minnkun,	ner stadur Gardur
Okt. 1984	625	Hefbons	KE 99	Minnkun,	ner stadur Hofsos
Nov. 1984	406	Vidir	KE 4	Aukning,	ferri stadur Hafnarfjörður
Nov. 1984	1073	Sandvik	KE 25	Minnkun,	ner stadur Grindavik
Nov. 1984	363	Pröstur	KE 51	Minnkun,	ner stadur Njardvik
Des. 1984	259	Jarl	KE 31	Minnkun,	ner stadur Vestmannaeyjar
Jan. 1985	1518	Hafsteinn	KE 85	Minnkun,	ner stadur Akranes
Jan. 1985	721	Gullpor	KE 87	Aukning,	ferri stadur Vestmannaeyjar
Febr. 1985	913	Vidir	KE 101	Aukning,	ferri stadur Sislufjörður
Febr. 1985	406	Vidir	KE 4	Minnkun,	ner stadur Njardvik
Marz 1985	1350	Hafbons	KE 85	Aukning,	ferri stadur Reukjavik
Mai 1985	1431	Sisundur Gunnarsson	KE 202	Minnkun,	ner stadur Vestmannaeyjar
Mai 1985	458	Rasti	KE 42	Aukning,	ferri stadur Sudureyri
Juni 1985	1513	Svana	KE 33	Aukning,	ferri stadur Porlakshöfn
Juni 1985	712	Kristjan	KE 21	Minnkun,	ur flota - Onytt
Juni 1985	1453	Sisurvin	GK 51	Aukning,	ferri stadur Gardur
Juli 1985	715	Jon Gardar	KE 1	Minnkun,	ner stadur Grundarfjörður
Asust 1985	1563	Jon Gardar	KE 1	Aukning,	ferri stadur Hellisandur
Okt. 1985	12	Heimir	KE 77	Minnkun,	ner stadur Hnifsdalur
Okt. 1985	76	Helsi S	KE 7	Minnkun,	ner stadur Reukjavik Fiskv. v. Sj.
Des. 1985	1242	Andri	KE 16	Minnkun,	ner stadur Akureyri

Njardvik

Juni 1984	1557	Arnarnes	KE 111	Minnkun,	ur flota - Onytt
Des. 1984	363	Pröstur	KE 51	Aukning,	ferri stadur Keflavik
Jan. 1985	923	Simon Gislason	KE 155	Minnkun,	ner stadur Isafjörður
Marz 1985	406	Keilir	KE 11	Aukning,	ferri stadur Keflavik
Juni 1985	406	Keilir	KE 11	Minnkun,	ner stadur Arskosströnd
Asust 1985	359	Brianna	KE 204	Minnkun,	ner stadur Patreksfjörður

Vosar

Nov. 1984	756	Solveig	RE 96	Minnkun,	ner stadur Grindavik
Febr. 1985	1076	Hönn	GK 102	Minnkun,	ner stadur Grindavik

Hafnarfjörður

Marz 1984	424	Sandafelli	HF 82	Aukning,	ferri stadur Pinseeyri
Juni 1984	1626	Hersir	HF 227	Aukning,	ferri stadur Grindavik
Juli 1984	1331	Marsret	HF 148	Aukning,	ferri stadur Sislufjörður
Juli 1984	1613	Gisli a Helli	HF 313	Minnkun,	ner stadur Akranes
Juli 1984	284	Anne	HF 39	Aukning,	ferri stadur Olafsfjörður
Okt. 1984	406	Snarfari	HF 112	Minnkun,	ner stadur Keflavik
Mai 1985	1602	Sjoli	HF 18	Bresting,	skip lenst.
Juni 1985	992	Ber	NS 192	Minnkun,	ner stadur Bakkafjörður
Juni 1985	1687	Anna	HF 313	Aukning,	i flota - Natt skip
Asust 1985	51	Faxi	GK 44	Minnkun,	ner stadur Kopavosur
Okt. 1985	1202	Hringur	GK 18	Bresting,	skip efirbest.

/ Framhald /

Kopavosur

Juni 1984	1069	Petur Jonsson	RE 14	Auknings,	ferri stadur Reykjavik
Juli 1984	1565	Lunnan	KO 12	Minnkun,	nyr stadur Reykjavik
Sept. 1984	160	Bardinn	RE 243	Minnkun,	nyr stadur Sandgerdi
Marz 1985	973	Ljosfari	RE 102	Auknings,	ferri stadur Reykjavik
Agust 1985	1225	Aron	RE 105	Minnkun,	ur flota - Onett
Agust 1985	168	Nattfari	RE 75	Auknings,	ferri stadur Faskrudsfordur
Sept. 1985	51	Snafari	RE 76	Auknings,	ferri stadur Hafnarfordur
Des. 1985	734	Kristjan S.	SH 23	Auknings,	ferri stadur Isafjordur

Fiskifélag Íslands \* Tæknideild \* Tilfærslur í flota árin 1984 og 1985 Reykjavík

Reykjavík

Jan. 1984	180	Jon Halldorsson	RE 2	Minnkun,	nyr stadur Grindavík.
Febr. 1984	325	Dröfn	BA 62	Auknings,	ferri stadur Patreksfjörður
Febr. 1984	674	Eldes	RE 160	Minnkun,	nyr stadur Grindavík
Febr. 1984	1513	Geysir	BA 404	Auknings,	ferri stadur Bildudalur
Marz 1984	1383	Hafþor	RE 40	Auknings,	var Rannsóknask.
Apríl 1984	1319	Gunni	RE 51	Auknings,	ferri stadur Grindavík
Mai 1984	1069	Petur Jonsson	RE 14	Minnkun,	nyr stadur Kopavosur
Juni 1984	1673	Breidur	RE 31	Auknings,	í flota - Nýtt skip
Juli 1984	1513	Geysir	BA 404	Minnkun,	nyr stadur Þorlákshöfn
Ágúst 1984	1093	Valborg	RE 114	Minnkun,	nyr stadur Sudavík
Ágúst 1984	1565	Sisrun	RE 16	Auknings,	ferri stadur Kopavosur
Ágúst 1984	787	Mars	RE 197	Minnkun,	nyr stadur Dranssnes
Sept. 1984	1350	Hafþora	RE 299	Auknings,	ferri stadur Gardur
Sept. 1984	789	Stefnir	RE 197	Auknings,	ferri stadur Dranssnes
Nov. 1984	1140	Daasbrun	GK 87	Minnkun,	úr flota - Onett
Nov. 1984	1332	Sisrun	RE 169	Minnkun,	úr flota - Onett
Des. 1984	1590	Alfa	RE 23	Minnkun,	nyr stadur Vestmannaeyjar
Des. 1984	537	Gulltöppur	HF 321	Minnkun,	nyr stadur Ólafsvík
Jan. 1985	1283	Jon Finnsson	RE 506	Minnkun,	úr flota - Selt úr landi
Jan. 1985	1079	Ina	RE 81	Minnkun,	úr flota - Onett
Febr. 1985	807	Bliki	IS 570	Minnkun,	úr flota - Onett
Febr. 1985	1350	Hafþora	RE 299	Minnkun,	nyr stadur Keflavík
Febr. 1985	973	Lúðsári	RE 102	Minnkun,	nyr stadur Kopavosur
Marz 1985	1607	Faxaborg	HF 75	Minnkun,	nyr stadur Akranes
Marz 1985	1583	Túslóur	RE 32	Auknings,	ferri stadur Bolungarvík
Apríl 1985	1592	Kesanes	SU 36	Minnkun,	nyr stadur Akranes
Mai 1985	1546	Gestna Þordardóttir	BA 91	Minnkun,	nyr stadur Þorlákshöfn
Juni 1985	1540	Jofríður Asmundsdóttir	SH 59	Minnkun,	nyr stadur Flateyri
Ágúst 1985	1490	Annaþóra	RE 27	Minnkun,	nyr stadur Holmavík
Sept. 1985	1011	Gisja	RE 340	Minnkun,	nyr stadur Vestmannaeyjar
Okt. 1985	1493	Stakknes	RE 105	Auknings,	ferri stadur Seyðisfjörður
Okt. 1985	1606	Duna	RE 606	Minnkun,	nyr stadur Vestmannaeyjar
Nov. 1985	1576	Kolbeinsey	BH 10	Auknings,	ferri stadur Husavík Fiskv.á.ð.
Nov. 1985	1556	Sölvi Bjarnason	BA 65	Auknings,	ferri stadur TálknafjörFiskv.á.ð.
Nov. 1985	1585	Sisurfari II	SH 105	Auknings,	ferri stadur GrundarfjÖFiskv.á.ð.
